

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR 1998

V

VAGNSSTAÐIR – RÚST Í SKARÐAHRAUNI

Guðmundur Ólafsson



REYKJAVÍK 2014

© Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson
Öll réttindi áskilin

Forsíðumynd sýnir Björn G. Arnarson leita að beinaleifum sunnan undir bæjarstaðinu. Í rofabarðinu undir þústinni ofarlega á miðri mynd má greina hleðsluleifar (GÓL-1998-4-4).

Efnisyfirlit

Innihald

Guðmundur Ólafsson	Error! Bookmark not defined.
Aðdragandi.....	5
Vettvangskönnun	5
Rúst 1	6
Svæði A.....	9
Svæði B.....	9
Svæði C.....	10
Svæði D.....	10
Svæði E.....	10
Svæði F.....	10
Svæði G.....	10
Svæði H.....	10
Svæði I.....	10
Svæði J.....	10
Svæði K.....	10
Svæði L.....	12
Svæði M.....	12
Svæði N.....	12
Niðurstöður og umræða	12
Aðrar minjar.....	12
Rúst 2.	12
Rúst 3	13
Heimildir	13

Vagnsstaðir -Rúst í Skarðahrauni



Mynd 1. Loftmynd af svæðinu. Minjarnar eru innan sporbaugsins. Vagnsstaðir eru efst til hægri. (Sótt af Fasteignaskrá Þjóðskrár 30.4.2014).

Aðdragandi

Þann 15. júní var Björn G. Arnarson, safnvörður á Byggðasafni Austur-Skaftafells-sýslu, að skrá minjar í landi Vagnsstaða vegna vegagerðar. Athygli hans beindist að grasi gróinni þúst sem var fremst á stalli undir klettum sunnan í Eystra- Skarðahrauni. Þúst þessi var um 2-3 m í þvermál og var suðurhliðin rofin af uppblæstri. Hann gróf smá holu í bakkann og kom þá niður á tönn úr hrossi og viðarkolamola. Einnig glytti í grjóthleðslu og torfmoldir í rofabarðinu. Björn taldi líklegast að þetta væri kuml úr heiðni.


Fréttir af þessum fundi komu í fjölmiðlum þann 22. júní. Daginn eftir höfðu þjóðminjavörður og minjastjóri Þjóðminjasafns samband við Björn til að grennslast frekar fyrir um fundinn og varð að samkomulagi að Björn færi með skýrsluhöfundu á staðinn daginn eftir.

Vettvangskönnun

Flogið var til Hornafjarðar um morguninn 24. júní. Tók Björn þar við skýrsluhöfundu og fór með honum á staðinn og aðstoðaði við uppmælingu á svæðinu. Fyrst fórum við heim að Vagnsstöðum til að láta vita af okkur. Þar voru mynduð gömul útihús sem virtust byggð ofan í eldri minjar. Síðan var ekið til vesturs eins langt og hægt var áleiðis að minjunum og gengið þaðan síðasta spölinn yfir móa og klettabelti í Skarðahrauni.



Mynd 2. Gömul útihús á Vagnsstöðum (GÓL-1998-4-2).



Mynd 3. Loftmynd af minjasvæðinu. Efst til hægri er rúst 1, sem er bæjarrústin; rúst 2 eru útihús og rúst 3, neðst til vinstri, eru beitarhús. Myndin var sótt af Fasteignaskrá Þjóðskrár, þann 30.4. 2014).

Rúst 1

Mínjarnar voru fremst á upplásnum mel um 1,2 km suðvestur af Vagnsstöðum. Við nánari athugun kom í ljós að þarna var ekki um kuml að ræða heldur leifar uppblásinnar bæjarrústar. Gerð var lausleg teikning af rústasvæðinu í mælikvarða 1:100. Lögð var út 40 m löng grunnlína og mælt út frá henni með öðru málbandi.



Mynd 4. Horft til suðurs yfir uppblásnar rústirnar. Greina má garðlag sem liggur á ská neðst frá hægri inn að miðju myndarinnar. Til hægri liggja veggjabrot B og F þvert á garðinn. Þústin á svæði A er á miðri mynd (GÓL-1998-4-16).

Veður var mjög óhagstætt til teiknivinnu, rok og mikil rigning. Sóttist því verkið mun verr en ella og tók hátt í þrjár klukkustundir.



Mynd 5. Rofabarð syðst á svæði A, þar sem fundust leifar dýrabeina og hleðslubrot (GÓL-1998-4-5).



Mynd 6. Horft til vesturs yfir norðurhluta rústasvæðisins. Steinarnir sem sjást á uppblásnu flötinni eru leifar úr veggjum og gólfum. Neðst til hægri er svæði I (GÓL-1998-4-6).



Mynd 7. Horft til norðausturs. Grasröndin til vinstri er hugsanlega leifar af vegg á svæði G. Þústinn ofarlega til hægri er svæði A og syðst á því er rofabarðið sem er að brotna framan af þústinni (GÓL-1998-4-18).



Mynd 8. Horft til suðurs yfir leifar af veggjahleðslum og gólfhellum á svæði H, fremst á myndinni, svæði C á miðri mynd og svæði D sem er þar fyrir ofan. Efst er svæði A og til hægri er svæði F (GÓL-1998-4-10).

Mjög erfitt var að átta sig á upphaflegu útliti bæjarins sem þarna hefur staðið. Leifar af óljósum hleðslum og bútar af steinaröðum gáfu vísbendingar um leifar veggja sem nú voru að mestu horfnir. Aðrir steinar virtust hafa verið gólfhellur. Ef miðað er við ystu mörk sýnilegra hleðsluleifa má ætla að bærinn hafi að minnsta kosti verið um 15 m langur og 7 m breiður. Hann hefur legið með hlíðinni og hefur snúið langhliðum nánast í norður – suður.

Austurhluti bæjarins er að mestu horfinn vegna uppblásturs. Við suðvesturhorn rústanna er grasi gróin þúst sem er um 3x3 m í þvermál. Þar er brattur bakki og 60 cm hátt rofabarð sem stöðugt virðist vera að brjóta af. Það er þessi þúst og rofabarð sem vöktu athygli Björns og þar sem hann fann bein og viðarkol. Þar sjást einnig hleðslur úr torfi og grjóti. Sunnan undir bakkanum eru tveggja til þriggja metra stórar torfur sem brotnað hafa framan af brúninni og fallið niður í hlíðina. Rúmlega þriggja metra hæðarmunur er frá grasbrún niður á blásinn melinn fyrir neðan. Svæðinu var skipt í nokkra hluta til að auðvelda lýsingu á því.

Svæði A

Þetta er grasi gróin þúst sem er syðst á svæðinu og er um fimm metrar í þvermál. Syðst er rofabarð fremst á brún og þar sem vakti fyrst athygli á staðnum þegar dýrabein komu þar í ljós. Í rofabarðinu mátti sjá leifar af steinleðslum sem gætu hafa verið hluti af suðvesturhorni og suðurhlið tóftar. Vesturhliðin hallar aflíðandi til vesturs og þar eru steinar á víð og dreif um alla hliðina.

Svæði B

Þar er kantur með einfaldri steinaröð, sem liggur í norður-suður, og grasi gróinni efri brún. Þarna er hugsanlega undirstaða ytri veggjarbrúnar eða hrun úr vesturvegg tóftar.

Svæði C

Margir flatir steinar saman sem virðast mynda eina heild á svæði sem er um 1 m breitt og 3,5 m langt. Steinarnir eru af ýmsum stærðum allt frá 10-30 cm í þvermál. Þeir eru án efa hluti af mannvirki sem þarna hefur staðið, en ekki var ljóst hvort þetta væru leifar af vegg eða gólfi.

Svæði D

Norðan við svæði A er uppblásið svæði. Þar er samsafn steina sem standa þétt saman, nokkru hærra en umhverfið og gætu verið leifar af steinlögð gólfi. Steinarnir eru þó flestir með hvössum brúnum. Norðurhliðin afmarkast af um 1 m löngum steindrangi og steinaröð í framhaldi af honum. Hugsanlega hefur steindrangurinn verið notaður sem þröskuldur í inngangi.

Svæði E

Uppblásið svæði með grastægjum á milli steina. Þarna eru steinarnir allt að 30-40 cm í þvermál og því aðeins stærra en steinarnir á svæði D, en þarna er gisnara á milli þeirra. Norðurhlið þessa svæðis afmarkast af steinaröð sem virðist jafnframt vera norðurbrún rústarinnar, því þar endar steinadreifin og fyrir norðan hana er ekkert sem bendir til mannvirkjaleifa.

Svæði F

Grasi gróin þúst sem er um 1,1 m breidd, allt að sex metra löng og 0,2 m há. Þetta eru líklega leifar af vegg sem hefur legið í norður-suður. Á stöku stað glyttir í steina sem gætu verið þar í hleðslu. Hugsanlega hefur þetta norðvesturhluti bæjarins.

Svæði G

Brún á uppblásturssvæði sem er í framhaldi af norðurmörkum bæjarrústarinnar. Hugsanlega eru þetta leifar af hlöðum garði sem legið hefur í austur-vestur, vestur frá bænum. Sunnan við þessa brún er aflíðandi halli niður á beran melinn.

Svæði H

Uppblásið svæði norðan við steinadreifina. Þarna voru engar sýnilegar minjar, en ef norðurhluti F hefur verið veggur, gæti H hafa verið herbegi sem ekki hafði hellur á gólfi.

Svæði I

Leifar af grjóthleðslu, 1x1 m á breidd. Ekki var alveg augljóst hvort þessi hleðsla var hluti af norðurhlið bæjarins, sem snéri í austur-vestur, eða hvort hún snéri þvert á hana, í norður-suður. Ekki varhaldur hægt að sjá að hleðslan næði lengra til suðurs.

Svæði J

Um 10 m langt, grasi gróið svæði sem liggur í austur-vestur, austan við svæði I. Breiddin er um 1 metri, en syðsti hluti ræmunnar er um 0,2 m og aðeins hærra en norðurhlutinn. Á stöku stað glyttir á steina sem gæti bent til veggjarhleðslu. Austasti hlutinn hverfur í uppblástur, þar sem ekki sáust neinar mannvistarleifar.

Svæði K

Grasi gróið svæði þó að á stöku stað glitti í steina undir yfirborðinu. Hugsanlega eru þarna leifar af vegg í framhaldi af hleðslu I og sunnan við hana.



Vagnsstaðir, Borgarhafnarhreppi 7705

Rústunna í Eystra Skarðahrauni

Mælikvarði 1:100. Mælt 24. júní 1998

Guðmundur Ólafsson og Björn Arnarsson

Mynd 9. Uppdráttur af rústunum í Skarðahrauni. Bókstafirnir sýna svæðin sem lýst er nánar í texta.

Svæði L

Hálf- uppblásið svæði. Þar glyttir á steina í steinaröð sem eru um 30 cm í þvermál og liggur í norður-suður.

Svæði M

Svæðið er farið að halla nokkuð til suðurs og uppblásturinn hefur greinilega náð í rústina þarna. Syðst er steinaröð sem liggur í norður-suður og virðist liggja í framhaldi af steinaröð á svæði L.

Svæði N

Steinaröð sem liggur í austur-vestur í miðjum hallanum suður af rústinni. Ógerlegt var að segja til um hvort þetta var upphafleg lega steinaraðarinnar, eða hvort þetta eru leifar af vegg sem hrundi hafði þangað niður efst af brúninni vegna uppblásturs.

Niðurstöður og umræða

Eins og fram kom í upphafi var í fyrstu talið að þetta væri kuml. Þess vegna var ekki verið að velta öðrum möguleikum fyrir sér. Þegar farið var að mæla upp minjarnar varð ljóst að þetta voru líklega leifar af bæjarrúst. Þá rifjaðist upp eftirfarandi frásögn sem Daniel Bruun skráði hjá sér um rústir á þessu svæði, og sem hann sagði að væri úr gamalli sóknarlýsingu:

“En glaðværðin í Kambstúni tók snöggan enda, þegar ógæfan reið yfir 1575. – Munnmælin hafa þó ekki geymt ártalið. Þau segja aðeins, að 8 bátar af 18 hafi farist með allri áhöfn í brimlendingu á einum degi. Meðal formanna sem björguðust voru þrír, sem menn vita nöfn á. Hétu þeir Skarði, Reitur og Bjarni. Þeir hurfu ekki aftur heim til Norðurlandsins, en settst að í Suðursveit á þremur kotbýlum, Skarðahrauni, Teitshrauni eða Teigshrauni og Bjarnarhrauni sem öll eru löngu eydd, en menn vita, hvar þau voru. Rústirnar í Skarðahrauni voru blásnar upp þegar ég kom þar. Heimildarmaður minn þóttist vita, að þessir þremmingar hefðu sest að þar syðra, til að annast ekkjur heimamanna, sjómanna sem farist höfðu” (Bruun, 1987:460).

Minjarnar sem kannaðar voru í Skarðahrauni voru nánast horfnar vegna uppblásturs, og því erfitt að segja nokkuð um þær með vissu, annað en að þær eru líklega fornar bæjar leifar. Þar eð ekki var farið í frekari heimildaleit um svæðið, verður ekkert fullyrt um hvaða bær þetta hefur verið. Samkvæmt frásögn Daniels Bruun voru þrjú kotbýli á þessu svæði og eitt sem nefnt var Skarfahraun, þannig að hugsanlega er þetta ein rústanna sem hann nefnir. Frekari heimildaleit er þó nauðsynleg til þes að geta slegið nokkru föstu í því efni.

Aðrar minjar

Þegar gengið var frá bæjarrústinni að bílnum var farið framhjá tveimur útihúsarústum sem ekki voru mældar upp sértaklega, aðeins myndaðar.

Rúst 2.

Rústin er undir klettabelti, um 135 m vestan við rúst 1 (sbr. mynd 3). Rústin snýr í norður-suður. Hún er grjóthlaðin og gaflarnir eru hlaðnir upp að ás. Inngangur er á miðjum suðurgafli. Rústin er líklega fjárhús frá 19. öld. Hugsanlega eru fleiri minjar þarna nálægt.



Mynd 10. Horft til suðurs yfir rúst 2 (GÓL-1998-4-17).

Rúst 3

Rústin liggur undir lágu klettabelti um 190 m vestur af rúst 1 (sbr. mynd 3). Hún liggur í norður-suður með inngang á miðjum gaflum undan brekku, mót suðri. Af útliti og ástandi að dæma, virðist rústin ekki vera eldri en frá 19. öld og er líklega beitarhús frá þeim tíma.

Heimildir

Bruun, D. (1987). *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár II*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
 Þjóðskrá. (2014). *Fasteignaskrá*. <http://www.skra.is/fasteignaskra/leit-i-fasteignaskra/?heitinr=1070888&landnr=160130&streetname=Ja%u00f0ar+%sveitarfelag=Hornafj%u00f6r%u00f0ur&show=map>. Sótt 30.4.



Mynd 11. Horft til suðurs yfir rúst 3 (GÓL-1998-4-23).



Mynd 12. Hort til norðurs yfir rúst 3 (GÓL-1998-4-25).